

Umsögn Vegagerðarinnar

150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 340 — 302. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um Tröllaskagagöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.

Göng um Tröllaskaga sem tengja Skagafjörð og Eyjafjörð betur saman yrðu mjög löng eða um 20 km og þar að auki með gangamunna í töluvert mikilli hæð við snjóþungar aðstæður. Göng af þessari lengd eru mjög fátíð enda er framkvæmd við þetta löng göng mun erfiðarari en við styttri göng. Auk þess verður erfitt að fullnægja öllum öryggiskröfum við fullbúin göng.

Kostnaður við slíka framkvæmd yrði mjög mikill eða af stærðargráðu 50 – 70 milljarðar króna. Vegagerðin telur því eðlilegt að gerð verði félagshagfræðileg úttekt á þessum valkosti áður en lagt verði í frekari rannsóknir á aðstæðum.

Til að tryggja öruggari vetrarsamgöngur milli þessara svæða má benda á annan valkost sem er að grafa göng undir Öxnadalshéiði. Vegagerðin hefur lítillega skoðað þann möguleika og komist að þeirri niðurstöðu að göng með gangamunna í svipaðri hæð gætu verið um 11 km. löng.

Vegagerðin